



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121/965  
komudagur 3/3 1997

Reykjavík 24. febrúar 1997.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um sammingsveð, 234. mál.**

Sama frumvarp og hér er á ferðinni var lagt fram á 118. löggjafarþingi 1994, en nú hafa hins vegar verið gerðar á því örlitlar breytingar á 31. og 3. grein. Meðfylgjandi er umsögn Sjómannasambands Íslands um frumvarpið frá árinu 1994. Samanber þá umsögn gerði Sjómannasamband Íslands athugasemd við 3. tölulið 31. greinar, en samkvæmt þeim tölulið var gert ráð fyrir að útgerðarmönnum væri heimilt að veðsetja aflaheimildir skipanna. Í því frumvarpi sem nú er lagt fram hefur framangreint ákvæði verið fellt út úr 31. grein frumvarpsins. Í staðinn hefur hins vegar 4. tölulið verið bætt við 3. grein frumvarpsins, sem heimilar útgerðarmönnum að veðsetja aflaheimildir skipa. Því hefur engin efnisbreyting orðið á frumvarpinu hvað varðar heimild útgerðarmanna til að veðsetja veiðiheimildir. Sömu rök eiga því við varðandi 4. tölulið 3. greinar frumvarpsins og áttu við um 3. tölulið 31. greinar í frumvarpinu frá 1994.

Sem fyrr hafnar Sjómannasamband Íslands því alfarið að útgerðarmönnum verði heimilað að veðsetja sameign þjóðarinnar með einum eða öðrum hætti. Sjómannasamband Íslands krefst þess því að 4. töluliður 3. greinar frumvarpsins verði felldur brott. Að þeirri kröfu uppfylltri styður Sjómannasamband Íslands frumvarpið, en hafnar því hins vegar alfarið verði framangreind breyting á 3. grein frumvarpsins ekki gerð.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson.



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

## Allsherjarnefnd Alþingis

Reykjavík 17. desember 1994.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samningsveð, 88. mál.**

Sjómannasamband Íslands mótmælir 3. tölulið 31. greinar frumvarpsins og telur að fella beri töluliðinn brott úr frumvarpinu.

Skýrt kemur fram í 1. grein laga um stjórn fiskveiða að nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign Íslensku þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði útgerðarmanna yfir veiðiheimildum skipa sinna. Því hlýtur að teljast afar hæpið að heimila að verðmæti sem ekki eru eign útgerðarmanns séu veðsett á sama hátt og skipið sjálft.

Sjómannasamband Íslands telur að verði útgerðarmönnum heimilað með lögum að veðsetja veiðiheimildir sé Alþingi þar með búið að afhenda þeim auðlind þjóðarinnar til eignar. Þar með verður ekki hægt að úthluta veiðiheimildunum að nýju miðað við breyttar forsendur eða breyta um stjórnkerfi við fiskveiðarnar þó aðstæður gerðu slíkt nauðsynlegt.

Sjómannasamband Íslands getur ekki fallist á slíkan eignarrétt útgerðarmanna yfir sameiginlegum verðmætum þjóðarinnar og krefst þess að tekið verði tillit til framangreindra ábendinga.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

Pólmeyir Lárusson